

Þjer hafið nú kveðið svo á, að Bólstaðarhlíðarhreppur skuli vera laus við að greiða lögtakskostnaðinn, með því að sá kostnaður verði aldrei talinn sveitarstyrkur, en um greiðslu fúlgunnar hafið þjer tekið það fram, að í lögum 24. janúar 1890 sje einungis sett sem skilyrði fyrir rjetti barnsmóður eða hreppsnefndar til þess að fá meðlög barnsföður greidd af vistarsveit hans, að krafan um þau komi í tækan tíma, en hvorki barnsmóðir nje hreppsnefnd missi rjett sinn, þótt tíminn dragist, þangað til vistarsveit barnsföðursins finnst, eða upplýsingar sjeu fengnar. Teljið þjer því fúlguna rjettilega greidda Engihlíðarhreppi af Borgarfjarðarhreppi og eiga að endurborgast síðarnefndum hreppi af framfærsluhreppi Sigurðar Jónassonar, Bólstaðarhlíðarhreppi.

Jeg get samt eigi verið samdóma yður í þessu atriði. Jeg verð, því er það, að álita að nefnd lög frá 24. janúar 1890 setji meðal annars það skilyrði fyrir því að vistarsveit föður óskilgetins barns verði krafin um meðlag með því, að áður liggi fyrir amtsúrskurður um meðlagið (sjá upphaf 3. gr. nefndralaga: »Nú greiðir barnsfadir eigi fúlguna góðfúslega«, og 2. gr. »barnsfúlgu þá, er hinn dani gjalda skyldi«). Nú er amtsúrskurðurinn um fúlgu þá, er hjer ræðir um, eigi uppkveðinn fyr en nálega 2 árum eptir að hið síðasta meðlagsár var liðið. Jeg get því eigi álitíð, að vistarsveit Sigurðar, Borgarfjarðarhreppi, hafi borið skylda til, eða hún hafi átt rjett á, að greiða hina umræddu barnsfúlgu, sbr. ákvæðið í 3. gr.: »Þó eigi nema síðasta ársmedgjöf hvert sinn, en hjer kemur eigi til greina, hverjum það er að kenna, að mál þetta hefur dregizt svo lengi. Aðeins má taka það fram, að Bólstaðarhlíðarhreppur virðist ekki eiga skuld á því. Því skal jeg kveða svo á um, að Bólstaðarhlíðarhreppur skuli laus við að greiða hina umkvörtudu barnfúlgu.

Þetta er yður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestakallalán. 40

(Dvergasteinsprestakalls). Samkvæmt beiðni prestsins að Dvergasteini, síra 16. marz Björns Þorlákssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi yðar, dagsettu 9. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur megi taka allt að 1200 króna lán uppá Dvergasteinsprestakall (ekki Klyppstaðarprestakall), er endurborgist með jöfnum afborgunum á 10 árum frá lántökudegi að telja, til túnsljettunar á prestssetrinu og með þeim frekari skilyrðum, að fyrir hverjar 150 kr. lánsins verði sljettuð 1 dagsláttu, að lánið sje tekið smám saman, 300 kr. eptir að hverjar 2 dagsláttur hafa verið sljettadar, og að eigi sje borgað meira í vöxtu af láninu en 4%

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum.